

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 285/2024**2025/EES/25/34****frá 6. desember 2024****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1487 frá 29. maí 2024 um að skilgreina gagnakröfur vegna samþykkis fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum og um að koma á vinnuáætlun varðandi endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru á markaðnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/324 frá 19. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bensóvíníflúpýr, brómúkónasól, búprófesín, sýflúfenamíð, flúasínám, flúópýram, flútólaníl, lambda-sýhalótrín, mekópróp-P, mepíkvat, metsúlfúrónmetýl, fosfan og píraklóstróbín ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1734 frá 21. júní 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar að úthluta til aðildarríkjanna mati á virka efninu deltametríni í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1749 frá 24. júní 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metkónasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1768 frá 26. júní 2024 um samþykki fyrir grunnefninu *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁵⁾.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1487, 30.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1487/oj>⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/324, 22.1.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/324/oj⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1734, 24.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1734/oj⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1749, 25.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1749/oj⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1768, 27.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1768/oj

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):
„– **32024 R 0324**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/324 frá 19. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/324, 22.1.2024),
2. **32024 R 1749**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1749 frá 24. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1749, 25.6.2024),
3. **32024 R 1768**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1768 frá 26. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1768, 27.6.2024).“
4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13zzzz (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012):
„– **32024 R 1734**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1734 frá 21. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1734, 24.6.2024).“
5. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzzzzzm (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1696):
„13zzzzzzzzzzzzzzzn. **32024 R 1487**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1487 frá 29. maí 2024 um að skilgreina gagnakröfur vegna samþykkis fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum og um að koma á vinnuáætlun varðandi endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru á markaðnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (Stjtið. ESB L, 2024/1487, 30.5.2024).
- 13zzzzzzzzzzzzzzzo. **32024 R 1749**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1749 frá 24. júní 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efnum metkónasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L, 2024/1749, 25.6.2024).
- 13zzzzzzzzzzzzzzzp. **32024 R 1768**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1768 frá 26. júní 2024 um samþykki fyrir grunnefninu *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L, 2024/1768, 27.6.2024).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2024/1487 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/324, (ESB) 2024/1734, (ESB) 2024/1749 og (ESB) 2024/1768, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.